

Miðvikudaginn 20. október 1954.

Nr. 74/1954. **Ákærvaldið** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

Páli Pálssyni (Einar B. Guðmundsson).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds borgardómari og Theodór B. Líndal prófessor.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur eftir uppsögu héraðsdóms markað á sjóuppdrátt samkvæmt staðarákvörðunum yfirmanna varðskipsins hinn 15. og 16. apríl 1954 staði varðskipsins við dufl það, sem sett var í sjó hjá skipi ákærða. Samkvæmt fyrri staðarákvörðuninni reyndist staður varðskipsins 2.3—2.4 sm. innan fiskveiðitakmarkanna, en 2.1 sm. samkvæmt síðari staðarákvörðuninni. Að þessu athuguðu og þar sem gullgengi krónunnar hefur ekki breytzt eftir uppsögu héraðsdóms, þykir mega staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá uppsögu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum á ákærði að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.800,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Páll Pálsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Einars B. Guðmundssonar, kr. 1.800,00 til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. apríl 1954.

Ár 1954, mánudaginn 19. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1488/1954: Ákærvaldið gegn Páli Pálssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er Páll Pálsson, skipstjóri á togaranum Sólborg, ÍS. 260, til heimilis í Túngötu 21 á Ísafirði, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðabrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5/1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, um breyting á þeim lögum, með því að hafa verið að flotvörpuveiðum á nefndum togara að kvöldi fimmtudagsins 15. apríl 1954 vestur af Vestmannaeyjum innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952, en til vara er hann ákærður fyrir að hafa gerzt sekur um brot samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1920 með því að hafa í fyrrnefnt sinn eigi haft veiðarfæri öll í búlka innan borðs.

Er hann því ákærður til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, og til upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 1. apríl 1914 í Hnífsdal, og hefur eigi sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé, að því undanskildu, að hann var tvisvar sektaður hér í bæ 1942 fyrir lögreglusamþykktarbrot, kr. 10,00 í fyrra skiptið og kr. 5,00 í hið síðara.

Samkvæmt eiðfestri skýrslu Þórarins Björnssonar, skipherra á varðskipinu Ægi, var varðskipið á vesturleið um fiskveiðitakmörkin vestan við Einidrang fimmtudaginn 15. þ. m. Kl. 23,00 sást á stjórnborða skip, sem auðsjáanlega var innan fiskveiðitakmarkanna og virtist hafa stefnu á Vestmannaeyjar. Skipið var með siglingaljós og togljós og mikið upplýst. Kl. 23,10 beygði það út um, og hélt varðskipið þá að því á fullri ferð. Nokkrir bátar voru í nánd við skipið, og lýsti það í kringum sig með ljóskastara. Litlu síðar beygði skipið í suðaustlæga stefnu. Kl. 23,29 lýsti varðskipið á skip þetta, sem reyndist vera togarinn Sólborg, ÍS. 260, og skaut lausu aðvör-unarskoti. Nam togarinn þá þegar staðar og fór að draga inn stjórnborðsvörpu. Kl. 23,35 var sett út dufl við hlið togarans, og var gerð við það eftirfarandi staðarákvörðun: Þrídrangar: fjarlægð 10.0 sjómílar, Einidrangur: fjarlægð 7.8 sjómílar, hvort tveggja samkvæmt ratsjármiðun, og dýpi 89 metrar. Gefur það stað togarans um 2.4 sjómílar innan fiskveiðitakmarkanna. Ákærði, skipstjóri togarans, var nú sóttur um borð í skip sitt og fluttur yfir í varðskipið og honum bent á, að eftir staðarákvörðun varðsupsins væri togarinn 2.4 sjómílar innan fiskveiðitakmarkanna. Kvaðst hann ekki rengja staðar-ákvarðanir varðsupsins, en hafa talið sig vera á allt öðrum stað

og utan takmarkanna. Einnig leit hann í ratsjá varðsupsins. Ákveðið var að biða birtu, ef vera kynni, að unnt yrði að gera staðar-ákvörðun með hornamælingum, og var ákærði fluttur aftur í skip sitt kl. 00,50 hinn 16. þ. m. og varðmaður settur um borð í togarann. Veður var SSV 4, sjór V 4, þokusúld, loftvog 767,0.

Þar sem sýnt þótti um morguninn, að vegna dimmviðris mundi eigi vera unnt að gera hornamælingar, var haft samband við ákærða frá varðskipinu og hann spurður, hvort hann samþykkti staðar-ákvörðun varðsupsins frá kvöldinu áður, og endurtók hann þá, að hann rengdi hana ekki. Var honum sagt að halda til Reykjavíkur, þar sem rannsókn færi fram í máli hans, og hélt hann þegar af stað. Duflíð var þá tekið upp og um leið gerðar við það eftirfarandi miðanir með áttavita og ratsjá: Þrídrangar miðast réttvísandi 097° og Einídrangur réttvísandi 114°. Veður var þá SSV 6, sjór SSV 4, þoku-loft, loftvog 767,0.

Ratsjarmælingarnar gerðu skipherra og þrír stýrimenn varðsupsins, en miðanirnar gerðu skipherra og fyrsti og annar stýrimaður. Stýrimennirnir hafa allir staðfest skýrslu skipherra og unnið eið að framburði sínum.

Ákærði hefur lýst yfir því, að hann vefengi ekki skýrslu skipherrans, og hefur kannast við að hafa verið fyrir innan fiskveiðitakmörkin, þegar varðskipið kom að honum. Sjálfur gerði hann engar staðarákvarðanir þarna, því að hann hafði ekki tæki til þess og ratsjá togarans var biluð. Þegar þetta gerðist, segir ákærði hafa verið liðið á aðra klukkustund, frá því að hann dró inn vörpuna í síðasta togi, en það fór fram utan fiskveiðitakmarkanna. Telur hann togarann síðan hafa rekið nær landi á þann stað, sem varðskipið kom að honum. Rétt áður en varðskipið kom að honum, var hann kominn mjög nálægt netjabát einum, og til að komast frá honum sigldi togarinn frá honum í um tvær mínútur á hægri ferð að sögn ákærða og fór síðan að láta út vörpuna. Togarinn var með stjórnbörðsflotvörpu, og skýrir ákærði svo frá, að þegar varðskipið bar að, hafi hann verið byrjaður að kasta vörpunni. Hafi varpan og „grandrópar“ verið komin í sjó, en vörpuhlerarnir verið á skipshliðinni, og hafði þeim verið slakað niður í sjó. Er þetta staðfest af loftskeytamanni togarans, sem var á stjórnpalli hans, þegar þetta gerðist. Frá varðskipinu sást, að varpa var dregin inn stjórnbörðs megin á togaranum, og þriðji stýrimaður og bátsmaður varðsupsins, sem sóttu ákærða um borð í togarann, sáu vörpuna liggja á þilfarinu stjórnbörðs megin úti við borðstokk og vörpupokaendann uppi á borðstokknum. Þeir sáu örfáa fiska í pokaendanum, og voru þeir dauðir. Hnekkir þessi athugun varðsupsmannanna ekki skýrslu ákærða og loftskeytamannsins um athafnir togarans, heldur miklu fremur styrkir hana, og verður því talið, að sú skýrsla sé rétt. Hljóta þessar aðgerðir togarans að teljast veiðiaðgerðir í skilningi laga nr. 5/1920.

Þar sem það því er sannað, að ákærði hafi verið að veiðum með

flotvörpu innan fiskveiðitakmarkanna, hefur hann gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og ber að ákveða honum refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952.

Með tilliti til stærðar togarans, 732 brúttósmálesta, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74.000,00 króna sekt til Landhelgisjórðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skal allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Sólborgar, ÍS. 260, vera upptæk til handa Landhelgisjórði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans, Guðmundar Péturssonar hdl., kr. 800,00.

Dóm þennan kváðu upp Valdimar Stefánsson sakadómari og með-dómendur Jónas Jónasson og Pétur Björnsson, skipstjórar.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Páll Pálsson, greiði 74.000,00 króna sekt til Landhelgisjórðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Sólborgar, ÍS. 260, skulu vera upptæk til handa Landhelgisjórði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Guðmundar Péturssonar hdl., kr. 800,00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.